



Skipulags- og byggingarráð
Norðurhella 2
221 Hafnarfirði.

Hafnarfirði 22.03.2021.

Erindi: Suðurgata 18, lóðarstækkun.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 08.09.2020, var erindi Þorgeirs Jónsson arkitekt f.h. Feykis ehf um lóðarstækkun vísað til vinnslu umhverfis- og skipulagssviðs.

Fram kemur í umsókn að núverandi lóðarmörk takmarka möguleika á vissum brunatæknilegum lausnum. Við nánari skoðun á erindinu er ljóst að ekki er unnt, að leysa á fullnægjandi hátt flóttaleiðir eða koma fyrir brunastigum innan núverandi lóðarmarka. Ekki er unnt að koma fyrir bílastæðum innan lóðar, né sinna sorphirðu.

Með vísan til þessa er lagt til að lóðin verði stækkuð um tæplega 300 m² samkvæmt meðfylgjandi tillögu. Jafnframt eru felldar niður byggingarheimildir sem er að finna í deiliskipulagi frá 27.04.2012. Komi til jákvæðrar undirtektar í bæjarráði þarf að ganga frá breytingu á deiliskipulagi Miðbær R4 er nær til Víkingastrætis og Suðurgötu 18.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.